Af þessu tilefni lætur ráðgjafinn ekki dragast að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að samkvæmt hinum gildandi reglum verður engin borgun veitt fyrir nefnda þýðingu. **178** 10. okt.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* umsjónina með lærisveinum hins lærða skóla. — Jafnframt því að endursenda skjöl þau áhrærandi tilhögun umsjónarinnar við hinn lærða skóla m. fl., er fylgdu þóknanlegu brjefi stiptsyfirvaldanna dags. í gær en meðteknu í dag, vil jeg þjónustusamlega tjá yður það, er hjer segir: **179** 11. okt.

1. Spurninguna um fækkun kennslustunda Bjarnar adjúnkts Ólsens hefi jeg borið undir ráðgjafann ásamt þeim ráðstöfunum í heild sinni, er leitt hafa af ályktun alþingis um skólamálið. Þangað til úrskurður ráðgjafans kemur, samþykkjast hjer með tillögur stiptsyfirvaldanna um þetta atriði í brjefi frá 11. f. m.[1]
2. Það getur ekkert verið á móti því, að herbergi því, sem notað er af öllum kennurum skólans og utan kennslustundanna af kennurum þeim, sem hafa umsjónina á hendi, sje lagt eldsneyti og ljós fyrir reikning skólans, en þar á móti vantar að mínu áliti heimild til, að veita adjúnkt Birni Ólsen ókeypis eldsneyti í ofn þann, sem er í íveruherbergi hans í vestanverðu skólahúsinu.
3. Frá minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið verði, að adjúnkt Sigurður Sigurðsson hafi 22 kennslustundir um vikuna samkvæmt uppástungu rektors og stiptsyfirvaldanna.

— *Ágrip af brjefi* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* skýrslu, þegar kona embættismanns deyr. — Eptir að heimtað hafði verið vottorð um andlát konu embættismanns, er svo komizt að orði í þessu brjefi: Ráðgjafinn vill að öðru leyti af tilefni því, sem málefni þetta gefur til þess, biðja yður, herra landshöfðingi, að leggja fyrir landfógetann eptirleiðis að senda hingað skýrslu í hvert sinn, er embættismannskona deyr, sem útvegað hefir verið lífsfje eptir dag bónda síns frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni 1871, og sem lífsábyrgðargjald er greitt fyrir í jarðabókarsjóð Íslands — svo að komizt verði hjá því, að ríkissjóðurinn fyrir hönd jarðabókarsjóðsins greiði tjeðri stofnun fyrirfram árgjald, sem jarðabókarsjóðurinn hefir ekki veitt viðtöku. **180** 17. okt.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lögtign sýslumanns. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. f. m. þar sem þjer með tilliti til athugasemdar, er hlutaðeigandi endurskoðandi jarðabókarsjóðsreikningsins 1875 hafði gjört, spyrjizt fyrir um það, hvort Benedikt sýslumaður Sveinsson geti álitizt skyldur að gjalda nafnbótaskatt, eptir að honum hinn 19. ágúst 1870 var vikið úr embætti því, er hann gegndi sem 2. dómari og dómsmálaritari hins konunglega íslenzka landsyfirrjettar, lætur ráðgjafinn yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þegar haft er tillit til, hvernig embættismanni þessum á sínum tíma var vikið úr nefndu embætti, **181** 21. okt.

1) Þær ganga út á, að Birni verði ætlaðar 15 kennslustundir á hverri viku, ef annar kennari tekur þátt í umsjóninni með honum, en annars naumast meira en 12 stundir.